

Skólaráð Njarðvíkurskóla 22.10.2025

Efni fundarins:

- Kynning fulltrúa í skólaráði
- Starfsreglur skólaráðs Njarðvíkurskóla
- Starfsáætlun skólaráðs og fundarplan
- Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025
- Starfsáætlun Njarðvíkurskóla 2025-2026 borin upp til samþykktar
- Starfsáætlanir fyrir Ösp og Björk 2025-2026 bornar upp til samþykktar
- Áherslur skólaársins 2025-2026
- Önnur mál

Mættir á fundinn:

Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Jóhann Gunnar Sigmarsson deildarstjóri eldra stigs, Hulda Hauksdóttir kennari, Kristbjörg Eyjólfsdóttir kennari, Magnús Anna Arnarsdóttir starfsmaður í skóla, Vala Rún Vilhjálmisdóttir foreldrafélag, Magnea Ósk Waltersdóttir foreldrafélag, Hámundur Örn Helgason framkvæmdastjóri UMFN fulltrúi úr grenndarsamfélagi, Karen Ósk Lúthersdóttir formaður nemendaráðs og Fanney Helga Grétarsdóttir nemendaráði.

Fjarverandi: Guðný Björk Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar situr fundinn í fjarveru hennar.

Fundagerð:

- **Kynning fulltrúa í skólaráði** - Rafn fór yfir fulltrúa í skólaráði fyrir skólaárið 2025-2026 og varamenn þeirra.
- **Starfsreglur skólaráðs Njarðvíkurskóla** - Rafn starfsreglur fyrir skólaráð Njarðvíkurskóla og kynnti þær. Þar kemur fram hverjir sitja í skólaráði, verkefni ráðsins sem koma fram í starfsreglunum, hvernig kosning í skólaráðið fer fram, starfsáætlun, þátttöku nemenda í skólaráði og ábyrgð fulltrúa í ráðinu varðandi trúnað og fleiri atriði.
- **Starfsáætlun skólaráðs og fundarplan** - Rafn fór yfir áætlun fyrir skólaárið, hvað verður tekið fyrir á hverjum fundi í vetur.
- **Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025** - Rafn fór yfir skýrslu síðasta árs, innihald og fleira. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans. Fór yfir nokkur atriði t.d. kannanir sem hafa verið gerðar meðal starfsfólks sem sýnir aukna starfsánægju og fór sérstaklega yfir jákvæðar breytingar sem hafa orðið milli ára í Ösp.
- **Starfsáætlun Njarðvíkurskóla 2025-2026** - Rafn fór yfir helstu þætti sem skólanum ber að gera samkvæmt lögum. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans þar sem allir geta kynnt sér hana. Starfsáætlunin var borin upp til samþykktar,
- **Starfsáætlanir fyrir Ösp og Björk 2025-2026** - Farið yfir starfsáætlun í Ösp og Björk. Borin upp til samþykktar.

- **Áherslur skólaársins 2025-2026** – Rafn fór yfir þá þætti sem starfsfólk skólans var búið að samþykkja að vinna eftir í vetur. Efling mannauðs, leiðsagnarnám, gervigreind, efla lestraráhuga, PBS, óhefðbundin tjáskipti í Ösp og samstarf heimila og skóla. Þetta eru þeir áherslupættir sem eru í Njarðvíkurskóla á þessu skólaári.
- **Önnur mál** -
 - Fundurinn var haldinn í fundarherbergi í stað stofu líkt og hefur verið áður. Fundarmenn voru ánægðir með þá breytingu.

Fundi slitið 14.26

Fundarritari: Jóhann Gunnar Sigmarsson